# Bréf og skýrslur varðandi brunatjón 1876-1906

Aðfnr. 1506, örk 10

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Útskrift

úr lögregluþingbók Reykjavíkurkaupstaðar.

— — —

Ár 1905, þ. 10. jan. var lögreglurjettur Reykjavíkur settur í bæjarþingsstofunni og haldinn af hinum reglulega dómara Halldóri Daníelssyni með vottum Þ. Björnssyni og O. Pjeturssyni. Þá var tekið fyrir:

Að halda rannsókn út af eldsvoða er kom upp í nótt í húsinu nr. 38 við Laugaveg.

Í rjettinum mætti Páll næturvörður Árnason og bar fram svolátandi skýrslu. Í nótt um kl. 12½ var næturv. á gangi á Laugavegi og þóttist þá finna reykjarlykt, en sá þó hvergi ljós eða eld. Veður var dimmt, svosem norðan snjóbylur með allmiklu frosti. Næturv. leitaði fyrir sjer og fann þá, að reykurinn kom upp úr reykháfnum á húsinu nr. 38 við Laugaveg. Það er bær með steinveggjum og gluggum á báðum göflum. Næturv. leit inn um báða gluggana og sá ekki annað en myrkur inni, hann barði uppá dyr og glugga, en enginn hreyfði sig eða kom út. Næturv. fór þá að húsinu í kring og reyndi að vekja þar upp, en

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það gekk líka mjög seint. Loksins kom
þó Jón Felixson járnsmiður í húsinu beint
á móti á flakki og sagði hann mættum,
að enginn byggi í húsinu nr. 38. Enn
sást enginn eldur inn í húsinu, aðeins mjög
þykkur reykur upp úr reykháfnum. Mættur
fór þá með Kristjáni Jónassyni Laugaveg
59. að vekja slökkviliðsstjórann, en bað
Jón Felixson að vekja fólkið í húsunum í
kring. Mættur varð ekki var við neinn mann
á flakki, þegar hann tók eftir reyknum,
en Kristján Jónasson fyrnefndur kom þjótandi
að, rétt áður en Jón Felixson kom út.
Uppl. staðf. með þeim viðbót að þegar mætt.
fór af stað til slökkviliðsstjórans sá
hann að reykur var farinn að koma í
nærliggjandi húsin.
Mættur í réttinum sem vitni að tilhlutun
dómarans Helgi Guðmundsson námspiltur
hjá Guðmundi [illegible] Egilssyni 22 ára
að aldri og var áminntur um sann-
sögli. Hann skýrir frá að hann hafi
í gær verið við smíðar í húsinu nr.
38 við Laugaveg með Sigurði Pálssyni
sem einnig er vinnandi hjá Guðmundi
[illegible]. – Guðmundur á húsið og hefur
notað það fyrir vinnustofu fyrir þá alla

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

síðan í sumar. Þeir Vilmund og Sigurður
hafa alllangan tíma að undanförnu verið
við smíðar annarstaðar þangað til í gær.
Guðmundur kom þar ekki allan daginn. Vilmund
fór af vinnustofunni kl. 7. um kvöldið, en
Sigurður var eptir og var þar til kl. 9. að
því er hann sagði vitninu. Húsið var
ekki útbúið til trjesmíða; það var haft
til íbúðar þangað til í sumar; Skilrúm
það var í því miðju, var rifið burtu, þegar
þeir fóru að vinna í því. Einn ofn var
í vinnustofunni og kyntu þeir í honum bæði
til hlýinda og þegar þeir þurftu að smíðan-
a. Járnplata var á gólfinu fyrir framan ofn-
inn. Hengilampa höfðu þeir við vinnu eptir
dagsetur og var olíuhaldarinn úr gleri; þeir
gættu vanalega í ofninn áður en þeir fóru
á kvöldin hvort dautt væri í honum og
sópuðu trjespónum í hrúgu frá ofninum
út í eitthvert hornið. Ekki var þar neina
kunna sjer annað eldfimt sem valdi í,
ljós og var á í trjesmíðavinnustofunni.
Í vinnustofunni, sem er lítið plássið í húsinu,
var lítið af verkefni nema í ⅓ hluti; var
það búið niður og tilheyrði fjelaginu „Völundur“.
Þar á móti var þar mikið af verkfærum,
hefilbekkir, rennibekkir og talsvert af allskonar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

trjesmíða-vinnustofum; voru þar öll verkfæri Guðmundar Egilssonar. Um upptökin eða orsakir eldsins segist vitnið ekkert vita, en líklegast sje, að Sigurður hafi ekki gengið tryggilega frá lampanum eða ofninum, en vitnið segist þó áður en hann fór hafa litið inni ofninn og ekki sjeð nema glæður og því álitið að eldurinn væri útkulnaður. Uppl. staðf. – Vitnið frá rjetti.
Mætti í rjettinum Sigurður Pjetursson nemandi hjá Guðmundi Egilssyni trjesmið 19 ára að aldri og var áminntur um sannsögli. Hann skýrir frá að hann hafi verið rúmt ár í læri hjá Guðmundi Egilssyni og hafi heimili hjá honum og náttstað svo og Helgi Guðmundsson.
Vitnið skýrir á sama hátt og Helgi frá verkefni og verkfærum, sem í húsinu voru og frá umgengni þeirra um húsið og frágangi á kveldin, svo og frá eldstó og lampa, sem hann segir hafi verið hengdur á járnkrók í loftinu og ekki getað dottið niður.
Vatnsílát segir hann ekkert hafa verið þar. Helgi hafi farið á undan sjer úr vinnustofunni í gær af því að hann gangi á iðnaðarskóla og hafi þurft að fara þangað í tíma. Sjálfur segist vitnið hafa farið kl. 9. Hann segir að eldur hafi þá verið dauður

©, Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í ofninum og hann hafi slökt á lampanum sem hjekk austan við miðt húsið, áður en hann fór, fyrst skrúfað hann niður og svo blásið í glasið gegnum kranzinn. Hann fullyrti einnig að hann hafi eigi kveykt á eldspítu eða farið neitt með eld eptir að Helgi fór; hann telur það fram, að hvorugur þeirra Helga reyki tóbak. Ákærði lokaði húsinu þegar hann fór og hafði með sjer lykilinn og enginn annar lykill að húsinu segir ákærði sje til. Lykilinn hefur ákærði haft í vasa sínum síðan. Ákærði heldur því fram, að honum sje óskiljanlegt að lifandi eldur hafi nokkurstaðar leynst í húsinu eptir að hann fór, eða að hann hafi með óvarkárni eða athugaleysi orðið til þess að eldur kviknaði í húsinu. Hinsvegar getur hann eigi bent á, nje hugsað sjer aðrar orsakir, því að hann telur víst að enginn hafi farið inní húsið á eptir sjer. Guðmundur hafi verið heima þegar ákærði kom kl. 9. og ekkert farið út eptir það; kl. 10. fóru þeir að hátta; þá var og Helgi kominn heim úr skólanum og fór líka að hátta. Ákærði getur þess að í vinnustofunni hafi þeir haft lítinn steinolíubrúsa, og hafi verið nokkuð hátt í honum; hann hafi staðið út við norðurvegginn. Uppl. staðf.
Vjek frá rjetti.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í gjærdaginn mætti af tilkvaðan dómarans Guðmundur Egilsson trjesmiður, búandi á Laugaveg 19. og var áminntur um sannsögli. Hann skýrði frá, að hann hafi keypt húsið nr. 38 við Laugaveg síðastl. ár rjett fyrir lokin, minnir hann og fylgdi honum lóð c. 1000 ferálnir, alls fyrir 2000 kr. og sje aðalverðið í lóðinni, en bærinn minna virði; hann flutti vinnustofu sína í bæinn í sumar, þegar hann seldi hús sitt; það var í júnímánuði, að því er hann minnir, flutti hann þangað öll smíðatól sín og efni smíðað og ósmíðað; voru þar á meðal 20 hurðir og 20 fög af gluggum o. fl. Um leið og yfirh. flutti þetta í bæinn vátryggði hann það fyrir eldsvoða í fjelagi, sem Jes Zimsen kaupmaður er umboðsmaður fyrir, en yfirh. man ekki hvað hjeti. Vátryggingarupphæðina setti hann 2500 kr., en þó hann vilji halda því fram, að munirnir hafi verið svo mikils virði, en hann tiltók þessa upphæð til að vera viss um að verða skaðlaus, ef til kæmi. Ekkert hafði hann vátryggt af lausafje sínu áður en hann flutti verkstofu sína í bæinn. Yfirh. kannast við, að bærinn hafi eigi verið útbúinn til og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vinnustofunni kjernuna eiga að vera, en hann segist hafa verið ófróður um það, enda hafi enginn bent sjer á það, eða fundið að því við sig. Um verðhæð og verðgæði, sem var inni í húsinu, skýrir Yfirh. frá á sama hátt sem áður. 2. nóv. á undan og segir að það hafi alls saman hvergi nærri verið 2500 kr. virði. Yfirh. kvaðst hafa ætlað að reisa heima á ný og byggja þar hús handa sjer. Hann kvaðst eigi geta hugsað sjer að eldurinn hafi komið upp öðruvísi en að pilturinn sem seinast fór af vinnustofunni ígærkveldi, Sigurður Pjetursson, hafi skilið ótryggilega annaðhvort við lampann eða ofninn. Segist þó Yfirh. oft hafa áminnt piltana um að fara varlega með eldinn. Sjálfur segist Yfirh. ekki hafa komið á vinnustofuna í gær. Uppl. staðf. Rannsókninni frestað.

Rjetti slitið
Halldór Daníelsson.

Þ. Björnsson.
Sig. Hjelmsson.

Ár 1905, þ. 17. janúar var lögreglurjettur Reykjavíkur settur á bæjarþingstofunni og haldinn af hinum reglulega dómara Halldóri Daníelssyni með vottum Þ. Björnssyni og Sig. Hjelmssyni. Þá var tekið fyrir:

Að halda áfram

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

rannsókn út af bruna hússins
nr. 38 við Laugaveg.

Eftir þetta mætti: Benedikt Jónsson sótari, sem áður og var áminntur um sannsögli. Hann skýrði frá, að hann hafi í sumar átt að hreinsa reykháfinn í húsinu nr. 38 við Laugaveg, en þá hafi húsið verið lokað og sér hafi verið sagt, að enginn byggi þá væri í því. En í nóvembermánuði hafi eigandinn Guðm. Egilsson tilkynnt sér að hann væri farinn að nota húsið og beiðst að reykháfurinn væri hreinsaður. Sótarinn fór þangað næsta dag eða skömmu síðar, og voru þar þá 2. piltar við smíðar. Reykháfurinn var óskemmdur að utanverðu, en efri hlutinn þar sem hann gekk upp úr þakinu og fyrir ofan þakið var hann mjög bilaður, með sprungum og holum, svo að stinga mátti hendinni igegnum. Sótarinn segist hafa sagt piltunum, að þeir mættu fara varlega í það, að leggja í ofninn, meðan eigi væri gjört við reykháfinn, en ekki bannaði hann þeim það og ekki tilkynnti hann slökkviliðsstjóranum, hvernig reykháfurinn væri á sig kominn. Vitnið tekur það fram, að engir hlerar hafi verið fyrir gluggunum, þegar hann hreinsaði reykháfinn, en það hafi verið 18 nóvember. Vitnið hitti síðar Guðm. Egilsson, en minnist ekki

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á reykháfinn við hann. Upplesið staðfest. Vikið frá rjetti.

Í rjettinum mætti að tilhlutun dómarans Matthías Matthíasson fyrverandi slökkviliðsstjóri og var áminntur um sannsögli. Hann sagði frá, að Guðmundur Egilsson hafi tilkynnt sjer það sem slökkviliðsstjóra 7. júní þ. á. að hann ætlaði að fara að nota húsið nr. 38 við Laugaveg sem smíðahús. Yfirh. fór þó eigi þangað til að athuga húsið, en í haust kom hann þar 2var því sagði, en í hvorttveggja skiptið var það lokað. Hlerar voru þá ekki fyrir gluggunum. Upplesið staðfest. Vikið frá rjetti.

Í rjettinum mætti að tilhlutun dómarans sótarapilturinn Sigurður Guðmundsson hjá Guðm. Egilssyni og var áminntur um sannsögli. Hann sagði frá að sótarinn hafi komið til að hreinsa reykháfinn í nr. 38 í nóv. þ. á. Hafi hann talað um að reykháfurinn væri bilaður fyrir ofan þakið, og þar sem hann fór uppá þakinu, en hafi samt álitið að engin hætta væri að leggja í ofninn. Sama hafi hann líkt talað um þetta við þá Helga Guðmundsson, en Guðm. Egilsson hafi komið, þegar hann var að enda, og muni sótarinn hafa talað eitthvað um þetta við hann því þeir hafi gengið út saman. Vitnið segir að hlerar hafi verið fyrir gluggunum, nóttina sem brann; hafi Guðmundur látið smíða þá í sumar, og hafi þeir verið fyrir gluggunum á kveldin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en á daginn hafi verið vant að taka hlerann frá austurgluggunum. Vitnið sefur í herbergi með Helga Guðmundssyni á heimili Guðm. Egilssonar Laugaveg 19. Vitnið endurtekur það, að lykilinn að húsinu hafi verið í vasa sínum nóttina, þegar húsið brann. Vitnið vissi ekki um brunann fyr en það heyrði til brunalúðr- anna, og varð fyrst til að fara út; húsið var þá lokað að innanverðu, svo að vitnið veit af því, að enginn hafði farið út á undan. Vitnið veit og að Guðm. var heima, því hann kallaði til þeirra Helga, hvort þeir væru ekki farnir að klæða sig. Vitnið vissi ekki fyr en það kom út, hvar eldurinn var uppi. Vitnið seg- ist hafa farið að hátta kl. 10. um kvöldið fyrir brunann; þá hafi Guðm. verið heima, en vitnið veit ekki, nær hann háttaði. Uppl. staðf. Vjek frá rjetti.

Í rjettinum mætti Guðmundur Egilsson, trjesmiður og var áminntur um sannsögli. Yfirh. segist hafa áminnt sótarann um að hreinsa reyk- háfinn í nr. 38. og hafi hann gert það í nóvembermánuði. Yfirh. minnir, að sótarinn segði sjer frá því á eptir, þegar hann var búinn að hreinsa, en hann man ekki hvort hann hitti sótarann, þegar hann var að enda við hreinsun- ina eða seinna, en hann minnist ekki á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það við Yfirh. að reykháfurinn væri neitt
bilaður, og Yfirh. segist ekkert hafa vitað
um það eða tekið eftir því. Um brunann
vissi hann ekki fyr, en hann hljóp til bruna-
lúðranna og þegar hann kom út, var honum
sagt að eldurinn væri inná í Laugavegi.
Hann segist annars hafa komið heim um kveldið
nál. kl. 9. og ekki farið út eftir það, sem
og fólkið í húsinu muni geta borið um. Kveðst
hann hafa verið bundinn við heimilið vegna
fremur þá daga, því að kona sín hafi legið
í sæng. Yfirh. segist hafa samið skrá yfir
lausafjármuni þá er inni brunnu og afhent
hana umboðsmanni hlutaðeigandi brunabótafjelags
Jes Zimsen, kaupmanni og hafi hann þá ekki
haft neitt við hana að athuga, enda segist
hann hafa gert hana svo samviskusamlega
sem hann hafði best vit á og fengið vottorð
kunnugs manns, að ekki væri oftalið. Uppl.
staðf. með þeirri athugasemd að Yfirh. man ekki
nær sótarinn hreinsaði.

Rannsókninni lokið.

Rjett ritað
Halldór Daníelsson

Þ. Bjarnsen.
Sig. Pjetursen.

Rjetta

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Útskrift staðfestir.

Halldór Daníelsson.

Gjald kr. 1,50 –
– ein króna og fimmtíu aurar.
H.D.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur